


# *Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra*

*gjörir kunnugt:*

Að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir **sjálfseignarstofnunina Gjöf til þjóðar** sem fest er hér við og geymd er hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra í staðfestu ljósriti.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra 28.september 2015.

*Björn Hrafnkelsson ftr.*



*Andur Þeingrímur*

Staðfesting

á skipulagsskrá fyrir,  
sjálfseignarstofnunina Gjöf til þjóðar.

Gjald kr.7.500,-

# **Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Gjöf til þjóðar**

## **Heiti:**

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Gjöf til þjóðar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjálfseignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

## **Heimilisfang:**

2. gr.

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er í Reykjavík.

## **Markmið:**

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að gefa íslensku þjóðinni jáeindaskanna ásamt nauðsynlegum húsakosti og tækjabúnaði til aðstöðu til að bæta úr brýnni þörf fyrir slíkt tæki sem nauðsynlegt er að sé til staðar innan heilbrigðiskerfisins til þess að hægt sé að stunda vísindarannsóknir og greina sjúkdóma með bestu aðferðum sem nútíma læknisfræði hefur upp á að bjóða.

Í samræmi við framangreind markmið er stofnuninni heimilt að taka við fjármunum frá stofnanda, allt að USD 6.500.000, sem ráðstafa skal til kaupa á jáeindaskanna og nauðsynlegum tækjabúnaði sem notaður er við starfrækslu hans. Einnig er stofnuninni heimilt að annast og standa straum af öllum kostnaði sem til fellur við hönnun og byggingu á sérhönnuðu húsnæði á lóð Landspítalans sem hýsa mun jáeindaskannann og þá sérhæfðu starfsemi sem honum tengist.

Stofnunin mun afhenda framangreindan búnað og aðstöðu Landspítalanum til fullrar eignar og ráðstöfunar án endurgjalds.

## **Ráðstöfun fjármuna:**

4. gr.

Fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar skal ráðstafað í samræmi við markmið hennar þ.e. til að standa straum af kostnaði við jáeindaskannann ásamt nauðsynlegri aðstöðu.

## **Stofnandi:**

5. gr.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er Íslensk erfðagreining ehf., kt. 691295-3549, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.

### **Stofnfé:**

6. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 5.000.000 sem stofnandi leggur fram. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### **Frekari framlög:**

7. gr.

Stofnunin getur tekið á móti frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnanda eða öðrum aðilum er vilja veita markmiðum hans brautargengi.

### **Stjórn:**

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 3 ára í senn. Stofnandi tilnefnir stjórnarmenn við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar. Eftirleiðis mun stjórnin tilnefna nýja stjórnarmenn í lok þriggja ára skipunartímans eða fyrr ef einhver þeirra óskar eftir að láta af stjórnarstörfum innan þriggja ára frá skipun. Heimilt er að skipa stjórnarmann til áframhaldandi setu eftir að upphaflegum skipunartíma lýkur.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

### **Fundarboðun**

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um störf hennar.

### **Aðrar stjórnareiningar:**

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra ef hún telur það nauðsynlegt. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

### **Endurskoðendur:**

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

### **Reikningsárið:**

12. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

### **Fjárvarsla og ávöxtun fjár:**

13. gr.

Fjármuni stofnunarinnar skal ávaxta með tryggum hætti á ábyrgð stjórnar. Er henni heimilt að fela viðurkenndu fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt leyfi Fjármálaeftirlitsins að annast vörslu og ávöxtun fjármuna stofnunarinnar.

### **Breyting skipulagskrár, slit og sameining:**

14. gr.

Til þess að breyta skipulagskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki meirihluta stjórnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3., sbr. 4. gr. hér að ofan.

### **Staðfesting sýslumanns:**

15. gr.


Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagskrá þessari.


Samþykkt á stofnfundi þann 24. september 2015.


F.h. stofnanda,

  
Kári Stefánsson forstjóri Íslenskar erfðagreiningar ehf.

Undirskriftir stjórnarmanna:

  
Tanya Zharov, stjórnarformaður, kt. 080966-4749


  
Björn Zoëga, stjórnarmaður, kt. 260464-5079

  
Jakob Ó. Sigurðsson, stjórnarmaður, kt. 280364-2589

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Staðfærkerfi 28. september 2015*

Björn Hrafnkellson fr.



*Austur Þinginn*